



SKÝRSLA STJÓRNAR 2025

Landssambands hestamannafélaga

Formannafundur 2025

Efnisyfirlit

Stjórn LH.....	3
Starfsmenn.....	3
Nefndir LH	4
Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands.....	4
Alþjóðasamstarf	5
Afreksmál	6
Youth Camp 2024.....	8
Félagi ársins.....	9
Reiðkennari ársins 2024.....	9
Reiðvega- og skipulagsmál	10
Skógarhólar	10
Mótahald og keppnismál	10
Landsmót hestamanna ehf.	11
Íslandsmót og Áhugamannamót Íslands.....	11
Sportfengur	11
Útbreiðslu- og kynningarmál	12
Styrkir sem standa hestamannafélögum til boða	12
Öryggismál	12
Starfshópur um hestaíþróttir fatlaðra	13
Agamál	13
Lokaorð frá formanni LH	Error! Bookmark not defined.

Stjórn LH

Aðalstjórn LH 2024-2026

Formaður: Linda Björk Gunnlaugsdóttir

Varaformaður: Þórhildur Katrín Stefánsdóttir

Gjaldkeri: Ólafur Gunnarsson

Ritari: Unnur Rún Sigurpálsdóttir

Meðstjórnendur:

Sóley Margeirsdóttir

Ólafur Þórisson

Sveinn Heiðar Jóhannesson

Frá landsþingi hafa verið haldnir 27 stjórnarfundir.

Varastjórn LH 2024-2026

1. varam. Sigurbjörn Eiríksson

2. varam. Reynir Atli Jónsson

3. varam. Ragnhildur Gísladóttir

4. varam. Hilmar Guðmannsson

5. varam. Jón Þorberg Steindórsson



Starfsmenn

Starfsmenn skrifstofu LH eru voru þrír á árinu í samtals 2,4 stöðugildum

Berglind Karlsdóttir framkvæmdastjóri í 100% starfshlutfalli,

Hinrik Sigurðsson móta- og afreksstjóri í 80% starfshlutfalli,

Jónína Sif Eypórsdóttir lét af störfum 30. sept. sl.

Þjálfarar LH á árinu voru þrír:

Sigurbjörn Bárðarson A-landsliðsþjálfari, lét af störfum 30. sept. sl.

Hekla Katharína Kristinsdóttir U21-landsliðsþjálfari, lét af störfum 30. sept. sl.

Sigvaldi Lárus Guðmundsson er yfirþjálfari hæfileikamótunar, ráðinn til næstu tveggja ára.

Nefndir LH


Í nefndum á vegum LH starfa hátt um 70 manns í sjálfboðastarfi. Fastanefndir LH eru 12 talsins, það eru

- Dómaranefnd
- Keppnisnefnd,
- Laganefnd
- Landsliðs- og afreksnefnd
- Mannvirkjanefnd
- Menntanefnd
- Reiðveganefnd
- Tölvunefnd
- Úrskurðar- og aganefnd
- Útbreiðslu- og nýliðunarnefnd
- Æskulýðsnefnd
- Öryggisnefnd

Skýrslur nefnda má finna á vef LH undir gögnum formannafundar.

Aðrar nefndir og starfshópar eru: *faghópur um gæðingalist, valnefnd, starfshópur um sáttamála um velferð íslenska hestsins, starfshópur um losun hrossataðs, starfshópur um skilgreiningu á hugtakinu gæðingur, starfshópur um framkvæmd Íslandsmóta og starfshópur um innanhússmót og Íslandsmót innanhúss*. Einnig á LH fulltrúa í þverfaglegum starfshópi um hestahald og aðbúnað hrossa og í stjórn *Horses of Iceland, LM ehf. og Skógarhóla ehf.*

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands



Landssamband hestamannafélaga er fjórða stærsta sérsambandið með alls 13.994 skráða þátttakendur árið 2024.

Hafa skal í huga að þessi tölfræði nær einungis yfir þá hestamenn sem skráðir eru í hestamannafélög, en líklegt er að nokkur fjöldi fólks stundi hestamennsku að staðaldri án þess að vera með virka félagsaðild.

Konur eru um 56% iðkenda og karlar um 44% en fá sérsambönd geta státað af eins jöfnu kynjahlutfalli. 67% iðkenda er kominn á fullorðinsaldur og 33% er undir 18 ára.

Íþróttaping ÍSÍ er haldið á tveggja ára fresti að vori til og formannafundur ÍSÍ er haldinn á hverju hausti.

Skrifstofa LH er í húsnæði ÍSí, Íþróttamiðstöðinni við Engjaveg. Eins og önnur sérsambönd þiggur LH ýmiskonar styrki og framlög í gegnum ÍSí:

a. Lottótekjur

Íslensk getspá hefur skilað eigendum sínum, íþróttahreyfingunni, hækkandi tekjum undanfarin ár. Tekjur LH vegna lottósölu á þessu ári er um 1.700.000 kr. á mánuði að meðaltali.

b. Útbreiðslustyrkur

Á hverju ári er greiddur útbreiðslustyrkur sem er um 17% hluti af lottógreiðslum til ÍSí frá Íslenski getspá sem skiptist milli sérsambanda og íþróttahéraða. Á Íþróttapingi 2025 var samþykkt að frá og með árinu 2026 verði útbreiðslustyrkur felldur inn í lottógreiðslur.

c. Ríkisstyrkur til reksturs skrifstofu

ÍSí úthlutar sérsamböndum ríkisstyrk til reksturs skrifstofu. Á árinu 2025 er ríkisstyrkur LH 3.500.000 kr.

d. Afrekssjóður

Afrekssjóður úthlutar styrkjum í samræmi við afreksverkefni sem liggja fyrir hjá hverju sérsambandi.

Við úthlutun styrkja hjá Afrekssjóði vegur þyngst þátttaka í stórum alþjóðlegum mótum, eins og Ólympíuleikum, HM og EM, ásamt umfangi afreksstarfsins hjá sérsamböndum. Afrekssjóður metur einnig sérsambönd eftir útbreiðslu íþróttarinnar og þannig fá íþróttir sem stundaðar eru í mörgum löndum og fjöldi þjóða tekur þátt á stórmótum meira vægi en aðrar. Þátttaka á stórmótum þar sem þátttakendur vinna sér inn þátttökurétt vegur þyngra en þátttaka í stórmótum þar sem öllum er frjáls þátttaka. Á árinu 2025 var framlag ríkisins til afrekssjóðs stóraukið og styrkir til sérsambanda jukust að sama skapi.

Styrkur afrekssjóðs til LH fyrir árið 2025 er 20.600.000 kr.

Alþjóðasamstarf

FEIF-þing var haldið í byrjun febrúar í Vín í Austurríki, með fulltrúum frá 18 aðildarlöndum.

Fulltrúar LH á þinginu voru Linda Björk Gunnlaugsdóttir formaður, Unnur Rún Sigurpálsdóttir stjórnarkona LH, Ólafur Þórisson stjórnarmaður LH, Berglind Karlsdóttir framkvæmdastjóri og Hinrik Þór Sigurðsson afreksstjóri. Auk þeirra sóttu þingið fulltrúar Íslands í nefndum, þau eru Friðrik Már Sigurðsson og Olil Amble í kynbótanefnd, Þorvaldur Kristjánsson í kynbótadómaranefnd, Herdís Reynisdóttir í menntanefnd, Hulda Gústafsdóttir og Sigurbjörn Bárðarson í sportnefnd, Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir í æskulýðsnefnd,

Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar Mike Weishaupt fjallaði um rannsóknir er varða hestavelferð, m.a. um rannsókn sem gerð var sl. sumar um endurheimt skeiðkappreiðahesta og æskilegan hvíldartíma á milli spretta.

Veitt voru hinar ýmsu viðurkenningar eins og vaninn er. Þýskaland hlaut æskulýðsverðlaun ársins en þar var yngri kynslóðinni m.a. boðið upp á fjarkennslu í formi rafrænna fyrirlestra,

en það auðveldar aðgengi barna og unglinga að fræðslu, Bretland hlaut „Leisure riding“ verðlaun ársins, reiðkennari ársins er valinn í netkosningu og í þetta sinn hlaut Norðmaðurinn Erik Andersen titilinn. Erik er mikilsvirtur reiðkennari í Noregi en einnig reyndur keppandi og dómari.

Næsta FEIF-þing verður haldið í Búdapest í Ungverjalandi í byrjun febrúar 2025.

Samstarf Norðurlandanna

Formenn Íslandshestasambanda Norðurlandanna eru í samstarfi sem kallast NIHC (Nordic Icelandic Horse Collaboration). Formennirnir hittast reglulega á fjarfundum og staðfundum og hefur það samstarf og samtal verið með ágætum. Í október var góður fundur formanna Norðurlanda haldinn í Helsinki, þar sem þjóðirnar stilltu saman strengi í undirbúningi fyrir FEIF-þingið 2025.

Mikið og gott samstarf hefur myndast við sportleiðtoga nágrannalanda okkar sem hefur leitt af sér ýmis verkefni sem unnin eru sameiginlega á vettvangi samstarfs Norðurlandþjóðanna og mikilvægt að halda því samstarfi góðu, halda áfram að styrkja það og efla og gera rödd Norðurlandþjóðanna sterka innan alþjóðasamfélagsins. Á þessum vettvangi hafa verið unnar tillögur til fastanefnda Feif og þings samtakanna ásamt því að ýmsar hugmyndir og ráðgjöf fara á milli sem er virkilega verðmætt.

Afreksmál

Hæfileikamótun 14 – 17 ára

Hæfileikamótun LH sem er hugsuð fyrir efnilega keppnisknapa á aldrinum 14-17 ára (unglingaflokkur). Yfirþjálfari hæfileikamótunar er Sigvaldi Lárus Guðmundsson.

Með tilkomu hæfileikamótunar LH komast iðkendur inn í afreksmiðað umhverfi, kynnast því að vera í landsliðsumhverfinu og fá tækifæri til þess að bæta tækni sína og færni við þjálfun og uppbyggingu hestsins.

Ásókn í starfið hefur farið hratt vaxandi og nú er kennt í tveimur hópum og komast færri að en vilja. Vetrastarf hæfileikamótunar hefst á ferð á Hóla þar sem hópurinn fær innsýn inn í námið þar, sýnikennslu og reiðkennslu hjá kennurum skólans. Hólahelgin er ótrúlega verðmæt helgi fyrir þessa ungu knapa sem fá kennslu á skólahestum skólans bæði í æfingum og upp í skeiðkennslu. Eftir áramót eru tvær kennsluhelgar fyrir hvorn hóp með gistingu á Hótel Eldhestum, ásamt tveimur fræðsludögum með fyrirlestrum og heimsóknunum til afreksknapa.

Landsliðshópar LH 2024-2025

Landsliðshópar LH fyrir næsta ár voru kynntir í lok október og skipulögð dagskrá var yfir starfsárið, sjá nánar í skýrslu landsliðs- og afreksnefndar.

U21-landsliðshópin 2024-2025 skipuðu 14 knapar alls, 5 drengir og 9 stúlkur.

A-landsliðið 2024-2025 skipuðu 21 knapar alls, 6 konur og 15 karlar.

Heimsmeistaramót

Eftir Íslandsmót í byrjun júlí voru þeir knapar sem líklegastir voru til að vera valdir til að keppa á HM, kallaðir í dýralæknaskoðun með hesta sína. Sú skoðun fór fram á Grænhóli. Seinni dýralæknaskoðun var svo rétt fyrir útflutning til að tryggja að allir hestar séu í standi þegar á hólminn er komið.

Endanlegt val á landsliði var kynnt 10. júlí.

Landslið Íslands á HM

A-landslið

Titilverjendur:

Elvar Þormarsson, Hestamannafélagið Geysir
Glódís Rún Sigurðardóttir, Hestamannafélagið Sleipnir
Jóhanna Margrét Snorradóttir, Hestamannafélagið Máni
Sara Sigurbjörnsdóttir, Hestamannafélagið Geysir

Aðrir knapar:

Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir, Hestamannafélagið Hörður
Árni Björn Pálsson, Hestamannafélagið Fákur
Daníel Gunnarsson, Hestamannafélagið Skagfirðingur
Helga Una Björnsdóttir, Hestamannafélagið Þytur
Hinrik Bragason, Hestamannafélagið Fákur
Sigursteinn Sumarliðason, Hestamannafélagið Sleipnir
Þórarinn Ragnarsson, Hestamannafélagið Jökull

U21-landslið

Titilverjendur:

Herdís Björg Jóhannsdóttir, Hestamannafélagið Sprettur
Jón Ársæll Bergmann, Hestamannafélagið Geysir

Aðrir knapar:

Kristján Árni Birgisson, Hestamannafélagið Geysir
Lilja Rún Sigurjónsdóttir, Hestamannafélagið Fákur
Matthías Sigurðsson, Hestamannafélagið Fákur
Védís Huld Sigurðardóttir, Hestamannafélagið Sleipnir
Þórgunnur Þórarinsdóttir, Hestamannafélagið Skagfirðingur

HM2025 var haldið í Sviss í byrjun ágúst. Liðið hélt af landi brott 28. Júlí og mótinu lauk 10. Ágúst, en ferðin í heild sinni tók 16 daga.

Úrslit:

Fullorðinsflokkur	Grein/Sæti	Verðlaun
Árni Björn Pálsson	T1 1. sæti	Gull
Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir	T2 1. sæti	Gull
Sigursteinn Sumarliðason	P1 2. sæti	Silfur
Sigursteinn Sumarliðason	P2 2. sæti	Silfur
Hinrik Bragason	PP1 2. sæti	Silfur
Helga Una Björnsdóttir	T2 2. sæti	Silfur
Elvar Þormarsson	F1 3. sæti	Brons
Glódís Rún Sigurðardóttir	F1 5. sæti	
Jóhanna Margrét Snorradóttir	T1 6. sæti	
Helga Una Björnsdóttir	V1 6. sæti	
Daníel Gunnarsson	P1 6. sæti	

Hinrik Bragason	P1 8. sæti	
Sara Sigurbjörnsdóttir	T2 9. sæti	
Daníel Gunnarsson	P2 9. sæti	
Hinrik Bragason	P2 10. sæti	
Þórarinn Ragnarsson	F1 10. sæti	

Ungmennaflokkur	Grein/Sæti	Verðlaun
Jón Ársæll Bergmann	F1 1. sæti	Gull
Jón Ársæll Bergmann	PP1 1. sæti	Gull
Jón Ársæll Bergmann	Samanl fimmg 1. sæti	Gull
Védís Huld Sigurðardóttir	V1 1. sæti	Gull
Védís Huld Sigurðardóttir	T1 1. sæti	Gull
Kristján Árni Birgisson	P1 1. sæti	Gull
Kristján Árni Birgisson	P2 1. sæti	Gull
Lilja Rún Sigurjónsdóttir	T2 2. sæti	Silfur
Þórgunnur Þórarinsdóttir	F1 2. sæti	Silfur
Lilja Rún Sigurjónsdóttir	T1 2. sæti	Silfur
Védís Huld Sigurðardóttir	Samanl. Fjörgangs	Silfur
Þórgunnur Þórarinsdóttir	Samanl. Fimmgagns	Brons
Matthías Sigurðsson	PP1 5. sæti	
Þórgunnur Þórarinsdóttir	T1 6. sæti	
Þórgunnur Þórarinsdóttir	PP1 8. sæti	
Herdís Björg Jóhannsdóttir	T1 8. sæti	
Matthías Sigurðsson	P1 8. sæti	
Matthías Sigurðsson	P2 8. sæti	

Íslenska liðið	Samanlagður árangur	1. sæti
----------------	---------------------	---------

Árangur

A-landslið vann 2 heimsmeistaratitla af sjö, 5 silfur og 1 brons.

U21 landslið vann 7 af heimsmeistaratitla af níu, 4 silfur og 1 bronsverðlaun.

Íslenska liðið var samanlagt með bestan árangur eftir forkeppni og vann þar með liðabikarinn og 1. sæti.

Youth Camp 2024

FYCamp var haldið í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri daganna 9.-14. júlí og þar með í fjórða sinn sem viðburðurinn er haldin á Íslandi. Alls komu 32 þátttakendur frá 11 löndum og 10 fararstjórar ásamt forseta FEIF Gundula Sherman. FYCamp gekk heilt yfir mjög vel og voru allir þátttakendur og fararstjórar til fyrirmyndar.

Þátttakendur gistu í nemendaíbúðum Landbúnaðarháskólans. Aðstaðan þar var öll til fyrirmyndar og virtust þátttakendur almennt hafa verið nokkuð ánægð með dvölinu þar. Landbúnaðarháskólinn sagði þátttakendum frá námsframboðinu sínu. Hinrik Þór Sigurðsson hélt fyrirlestur um hvað LH sé að gera í afreksmálum æskunar og spjallaði við þátttakendur um reynslu sína af FYCamp. Inga Berg Gísladóttir sá um hópefli þar sem hópnum var skipt upp í minni hópa og þurftu að gera verkefni um leið og gengið var í náttúruni í kringum Hvanneyri. Haldið var Country kvöld þar sem hvert land þurfti að halda kynningu um landið sitt og voru kynningarnar æði fjölbreyttar og tókst kvöldið vel til og var góð stemming meðal hópsins. Úndína Þorvaldsdóttir dýralæknir var með fyrirlestur sem bar yfirheitið Healthy horse = happy horse. Johannes Amplatz kynni fyrir þátttakendum niðurstöður rannsóknar sinnar um áhrifar þyngd knapa á íslenska hestin, mjög áhugverð rannsókn auk þess sem hann sagði frá sínum kynnum af FEIF starfi og endaði fyrirlesturinn sinn á mjög skemmtilegri Kahoot keppni. Hópnum var skipt í 8 manna hópa og skiptust hóparnir á að fara á hestbak, í sund, í sætisæfingar hjá Birnu Tryggvadóttur og að fylgjast með sætisæfingu hjá öðrum hópi. Einnig unnu hóparnir fyrirfram ákveðin veggspjaldakynningar og í lok Camp kynnti hver hópur sitt verkefni. Einnig var farið í skoðunarferð um Borgarfjörðinn. Hópurinn fékk að skoða Deildartunguhver, Hraunfossar, Barnafoss og Grábrók. Síðasta kvöldið var haldið pylsupartý og kveðjupartý þar sem skapaðist mikil stemming þar sem allir tóku þátt.

Íslandi átti alls fjóra fulltrúar á FYCamp: Kristín Lára Eggertsdóttir úr Snæfellingi, Victoria Krystyna Slota úr Blæ, Edda Lind Einarsdóttir Hallbach úr Freyfaxa og Rebecca Luise Lehmann úr Snæfellingi. Fararstjóri íslenska hópsins var Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir, formaður æskulýðsnefndar LH.

Félagi ársins

LH-félagi ársins eru hvatningarverðlaun fyrir sjálfboðaliða og félag hestamannafélaga sem vinna fórnfúst og óeigingjarnt starf í þágu hestamennskunnar. Eftir tilnefningar frá Hestamannafélögunum var efnt var til netkosningar þar sem kosið var á milli þriggja öflugra félagsmanna. Félagi ársins 2024 var Sigurlína Erla Magnúsdóttir Hestamannafélaginu Skagfirðingi. Sigurlína hefur unnið mikið og óeigingjarnt starf í þágu félagsins í mörg ár. Hún kom inn í stjórn Skagfirðings árið 2021, Meistaradeildar KS árið 2020 og stjórn reiðhallarinnar á Sauðárkróki (Flugu) árið 2022 sem formaður og er enn í dag.

Reiðkennari ársins 2024

Finnbogi Bjarnason var valinn reiðkennari ársins 2024 eftir netkosningu á vef LH.

Menntanefnd auglýsti eftir tilnefningum frá almenningi um reiðkennara sem hefur gert frábæra hluti sem reiðkennari/þjálfari með nemendum sína, sýnt fram á miklar framfarir hjá nemendum, gert frábæra hluti með börnum, fötluðum eða keppnisknöpum.

Efnt var til netkosningar þar sem kosið var á milli þriggja tilnefninga og bar Finnbogi sigur úr býtum. Finnbogi starfar sem reiðkennari og þjálfari bæði á Íslandi og í Sviss. Finnbogi hefur mikinn metnað, ávallt jákvæður fyrir verkefninu og nemendur láta afar vel af honum.

Reiðvega- og skipulagsmál

Hestamennska er ekki bara stunduð af keppnisknöpum. Langflestir félagsmenn í hestamannafélögunum eru það vegna ástríðu sinnar fyrir íslenska hestinum og almennum útreiðum, enda er hestamennska lífstíll og samofin menningu okkar.

Eitt það mikilvægasta fyrir okkur hestamenn er að standa vörð um reiðvegina okkar en þeir eru líkt og golfvellið golfarans. Þetta eru okkar íþróttamannvirki og ber að umgangast þá sem slíka.

Samningur sem gerður var við Vegagerðina um lagningu reiðvega þar sem stofn- eða tengivegir eru lagðir bundu slitlagi er þegar farinn að sanna gildi sitt og er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur hestamenn að hafa til að standa vörð um reiðleiðir.

Nokkrar umsagnir voru sendar inn vegna skipulagsmála, í samstarfi við félögin á höfuðborgarsvæðinu. Umsagnirnar voru um skipulag í Heiðmörk, skipulag Kópavogsbæjar við reiðleiðir hjá Elliðavatni og vegna tvöföldunar Suðurlandsvegar. Einnig var talsverð umræða um búsetu í hesthúsum og vandamál og hættur sem geta skapast vegna þess.

Skógarhólar

Aðsókn að Skógarhólum var ágæt í júní og júlí en minnkaði talsvert í ágúst.

Rekstur Skógarhóla er í eignarhaldsfélagi í eigu LH, Skógarhólar ehf., og er bókhald félagsins aðskilið frá bókhaldi LH, rétt eins og bókhald LM ehf.

Við hvetjum hestamannafélögin að koma á Skógarhóla með hópa úr félags- og æskulýðstarfi á staðinn og nýta okkar góðu aðstöðu LH-félaga á Skógarhólum.

Mótahald og keppnismál

Úthlutun dómara á mót í gæðinga- og íþróttakeppni fer fram hjá dómaranefnd LH, þar sem fulltrúar HÍDÍ, GDLH og starfsmaður mótamála á skrifstofu vinna saman að úthlutun á mótin. Á árinu voru 57 gæðingadómarar virkir til dómstarfa en af þeim dæmdu 39 dómarar mót á Íslandi á árinu en 18 dæmdu ekki á Íslandi. Einhverjir dómarar kusu að dæma einungis erlendis.

Hjá íþróttadómurum eru 115 virkir dómarar á skrá og þar af dæmdu 56 dómarar mót á árinu á Íslandi. Í hópi þeirra eru einnig einhverjir dómarar sem kjósa að dæma einungis erlendis. Mótaskrá ársins 2026 er í vinnslu og fundur mótanefnda haldinn með hana í huga samhliða Formannafundinum, og hestamannafélögin farin að senda inn drög sín að dagskrá mótanna sem framundan eru á nýju tímabili en stefnt er á að hafa mótaskrá klára um mánaðarmótin nóvember/desember.

Fjöldi móta yfir tímabilið er gríðarlegur og oft vandi að raða þeim upp þannig að sem fæstir árekstrar verði og það er einmitt það sem haft er í huga við uppsetningu mótaskrár ársins, að fækka augljósum árekstrum og dreifa mótahaldinu sem best yfir það tímabil sem mótin eru í gangi til þess að geta á sem bestan hátt tryggt mönnun dómara og starfsfólks og fleira. Knapafundur ársins fyrir keppnistímabilið 2025 var haldinn í streymi í samstarfi við Eiðfaxa TV og tókst vel til.

Farið var yfir ýmis atriði sem varða mótahaldið og fulltrúar dómarafélaganna komu og voru með góð innlegg í fundinn.

Það er margt sem uppá kemur yfir keppnistímabilið og mótasviði LH hefur borist mikið af fyrirspurnum um framkvæmd móta, ýmislegt varðandi reglur, búnað og svo framvegis.

Megnið af þeim fyrirspurnum og umleitunum sem berast er oft auðsvarað með vísan í lög og reglur en sum mál þarfnast liðsinnis sterkra nefnda sem annast mótahaldið svo sem keppnisnefndar eða úrskurðar- og aganefndar sem eru báðar í miklu og góðu samstarfi við mótasviðið, sérstaklega á meðan á keppnistímabilið stendur sem hæst.

Frá mótasviði eru einlæg tilmæli og óskir til mótshaldara allra móta sem skráð eru á Sportfeng að vanda til við skráningar mótsins, greinanna sem og skilum á mótsskýrslum. Kanna hvort greinar séu rétt skráðar, lögleg/ólögleg grein, innanhúss eða úti og réttur fjöldi dómara sé skráður á hverja grein.

Landsmót hestamanna ehf.

Landsmót hestamanna ehf. er í eigu Landssambands hestamannafélaga (82%) og Félags hrossabænda (18%).

Stjórn LM ehf. er skipuð þremur mönnum: Lindu Björk Gunnlaugsdóttur sem er formaður og Ólafi Gunnarssyni f.h. LH, Nanna Jónsdóttir f.h. FHB, varamenn eru Ólafur Þórisson og Eysteinn Leifsson.

Íslandsmót og Áhugamannamót Íslands

Íslandsmót barna og unglinga var haldið af Hestamannafélaginu Sörli dagana 17. til 20. júlí.

Hestmannafélagið Sleipnir hélt glæsilegt Íslandsmót fullorðinna og ungmenna helgina 25. til 29. júní.

Áhugamannamót Íslands var haldið af Hestamannafélaginu Sörli dagana 20. til 22. júní.

Samkvæmt reglugerð um Íslandsmót ber að auglýsa og úthluta Íslandsmótum þrjú ár fram í tímann, en Íslandsmót í Gæðingalist skal úthluta árlega. Næstu Íslandsmót verða sem hér segir:

Íslandsmót fullorðinna og ungmenna

2026 Hestamannafélagið Sörli 17.-21. júní.

2027 Hestamannafélagið Skagfirðingur

2028 Óúthlutað

Íslandsmót barna og unglinga

2026 Hestamannafélagið Sleipnir (dagsetning óákveðin)

2027 Hestamannafélagið Sprettur

2028 Hestamannafélagið Sörli

Íslandsmót í Gæðingalist

2026 Óúthlutað

Sportfengur

Sportfengur

Alls voru haldin 186 mót á Íslandi þar sem Sportfengur var notaður, með 13789 skráningum alls. Að baki þessum skráningum er um 10-12% félagsmanna innan raða LH.

Allar mótaniðurstöður birtast í HorseDay appinu en samstarf LH og HorseDay hefur verið farsælt og appið er í sífelldri þróun.

Nánar um Sportfeng má lesa í skýrslu tölvunefndar.

Útbreiðslu- og kynningarmál

Ný vefsíða LH var birt í byrjun júní. Vefsíðan er haganlega uppsett og býður upp á mikla möguleika í framsetningu á efni, en síðan er enn í þróun.

Samhliða opnun nýju síðunnar var lénið lh.is tekið í gagnið og leysir það af gamla lénið lh.hestar.is. Verkfræðistofan Efla var áður eigandi að léninu og færir LH Eflu bestu þakkir fyrir að hafa gefið sambandinu lénið.

Á vordögum var átakið „Ert þú í hestamannafélagi“ sett af stað á ný, en átakið hvetur hestamenn til að skrá sig í Hestamannafélag á því svæði sem þeir stunda sína hestamennsku. Efni var sent á Hestamannafélögin sem mörg nýttu sér á samfélagsmiðlum sínum.

Tilraun var gerð með að setja upp umferðarteljara við fjölfarna reiðstíga á tveimur stöðum á Höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða tilraunaverkefni sem vonandi getur nýst okkur hestamönnum til þess að átta okkur enn betur á umfangi hestamenskunnar. Mælirinn sem er notaður er tiltölulega einfaldur og var staðsettur á ljósastaur við reiðgötu. Hann var í þeirri hæð að hann mælir einungs knapa sem fer framhjá á hesti. Samskonar mælar eru notaðir víða til að mæla umferð gangandi og hjólandi vegfarenda.

Styrkir sem standa hestamannafélögum til boða

Á heimasíðu LH er að finna upplýsingar um hvaða styrkir standa til boða hverju hestamannafélagi fyrir sig. Þegar rýnt er í úthlutun styrkja þá kemur í ljós að hestamannafélögum hefur tekist afar illa að sækja styrki í samanburði við önnur íþróttafélög.

Þetta er gott verkfæri fyrir félögin til að nýta fyrir einstök verkefni og framkvæmdir.

Stefnt er á að skjalið verði lifandi skjal sem verði uppfært árlega.

Sjá nánar um styrki á vefið LH: <https://www.lh.is/styrkir>

Öryggismál

Lögð hefur verið mikil áhersla á öryggismál í tíð núverandi stjórnar enda eru öryggismál mjög mikilvæg.

Á landsþingi 2024 var samþykkt hlutverk öryggisfulltrúa á mótum og hefur það verkefni verið leyst frábærlega af mótshöldurum og eiga aðildarfélög og hestamenn allir stórt hrós skilið fyrir að taka þessu hlutverki af festu og ábyrgð. Því miður hefur allnokkrum sinnum reynt á þetta hlutverk þar sem upp komu slys á mótum.

Öryggisnefnd með formann í fararbroddi hafa einnig tekið að sér að tilkynna slæga vinnuhætti á vettvangi hestaslysa og samhliða reynt að fræða viðbragðsaðila um mikilvægi þess að bregðast rétt við þegar grunur er um háorkuáverka. Staðreyndin er sú að hestamenn eru í mikilli hættu á að slasast alvarlega og hljóta umrædda háorkuáverka detti þeir af hestbaki ef hesturinn er á umtalsverðri ferð.

Starfshópur um hestaíþróttir fatlaðra

LH skipaði starfshóp sem hefur unnið að undirbúningi verkefnis sem miðar að því að gera hestamennsku og reiðkennslu aðgengilegri fyrir fatlaða einstaklinga. Langtímamarkmið verkefnisins er að setja á laggirnar reiðskóla fyrir fatlaða einstaklinga víðsvegar um landið í samstarfi hestamannafélaga, LH og fagmenntaðra einstaklinga.

Send var út könnun til allra hestamannafélaganna í landinu sem ber heitið “Upplýsingar um aðstöðu og aðbúnað hestamannafélaganna á landsvísu”. Könnun gefur mikilvægar upplýsingar um þá aðstöðu og aðbúnað sem er til staðar og verður spennandi að sjá þegar allar upplýsingar hafa skilað sér. Óskað er því eftir því að hvert félag svari könnuninni og sendi upplýsingar um þá aðstöðu sem það hefur til að bjóða - óháð því hvort félagið hafi áhuga á að vera með í verkefninu eða ekki.

Agamál

Nokkur mál komu inn á borð Aganefndar LH á árinu og felldi úrskurði um keppnisbann og gaf áminningar.

Mikil umræða hefur verið um notkun spjalda í keppni og þykir full þörf á að einfalda og skerpa regluverk um spjaldanotkun. Sportnefnd FEIF hefur unnið að tillögu um nýjar reglur um spjaldanotkun og verður tillagan tekin fyrir til samþykktar á FEIF þingi í lok janúar. Er það von manna að með nýju spjaldakerfi reynist auðveldara að skilja og beita spjöldum sem agaviðurlögum í keppni.